

Minnisblað - 2003031

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Viðbrögð Dalabyggðar vegna heimsfaraldurs COVID-19.*

Dags.: 12.08.2020

Þann 31. júlí sl. tóku gildi hertar reglur um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og gilda þær til 13. ágúst. Meginbreytingin fólst í því að fjöldatakmörkun á samkomum lækkaði úr 500 í 100 og 2 metra reglan tók aftur gildi á milli þeirra einstaklinga sem ekki deila heimili. Einnig var reglugerð varðandi landamæri breytt.

Viðbragðsteymi Dalabyggðar tók því upp fasta fundi til að fylgja eftir breytingunni sem í fyrst lotu snéri annars vegar að breytingu á reglum um aðgang að Sælingsdalslaug og hins vegar takmarkanir á aðgengi að Silfurtúni.

Á vegum Samtaka fyrirtæka í velferðarþjónustu voru gefnar út leiðbeiningar um aðgengi að hjúkrunarheimilum og hefur Silfurtún tekið þátt í því.

Nú hefur heilbrigðisráðherra birt nýja auglýsingu um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem tekur gildi 14. ágúst verða reglur um nálægðartakmörk í framhalds- og háskólum rýmkaðar og sömuleiðis í íþróttum. Að öðru leyti gildir áfram meginreglan um 2 metra nálægðarmörk. Við aðstæður þar sem eðli starfsemi krefst meiri nálægðar milli einstaklinga en tveggja 2 metra og í almenningssamgöngum þar sem ferð varir í 30 mínútur eða lengur skal nota andlitsgrímu. Hjúkrunarheimilum, öðrum heilbrigðisstofnunum og sambærilegum stofnunum er gert skylt að setja reglur um starfsemi sína, svo sem um heimsóknir utanaðkomandi að heimilum og stofnunum. Fjöldatakmörk miðast áfram við 100 manns að hámarki. Eins og fram kemur í auglýsingu ráðherra er rík áhersla lögð á einstaklingsbundnar sóttvarnir og almennar smitvarnir með tíðum og reglubundnum þrífum þar sem fólk kemur saman.

Viðbragðsteymi mun funda reglulega á meðan framangreind auglýsing er í gildi. Fylgja þarf eftir fjöldatakmörkunum og tveggja metra reglunni m.a. við fundi á vegum sveitarfélagsins. Silfurtún mun verða með skýrar reglur um aðgang utanaðkomandi. Nú þegar farið er að mæla með grímunotkun liggir m.a. fyrir að bílstjórar í skólaakstri munu þurfa að nota þær.

Með þessu minnisblaði fylgja auglýsingar heilbrigðisráðherra 31.07.2020-13.08.2020 og 14.08.2020-27.08.2020.